



74. ársþing

ÞINGGERÐ

Þinggerð 74. ársþings KSÍ, haldið í Klifi, Ólafsvík 22. febrúar 2020

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til 74. ársþings KSÍ. Þingið hófst á stuttu myndbandi til minningar um þau sem fallið hafa frá á síðastliðnu ári. Þingfulltrúar og gestir risu úr sætum að því tilefni. Því næst voru sýndar svipmyndir frá knattspyrnuárinu 2019 í stuttu myndbandi.

Guðni Bergsson, formaður KSÍ, setti 74. ársþing KSÍ og mælti svo:

Bæjarstjóri, fulltrúi ÍSÍ, UMFÍ, ágætu gestir og þingfulltrúar and UEFA representative and our distinguished guest and true friend from Ireland, Mr. Noel Mooney welcome, og velkomin á 74. ársþing KSÍ í Ólafsvík.

Við horfum fram á við á þessu ársþingi en það er líka vert að rifja upp það helsta frá árinu sem var að líða. Það var hart barist í öllum deildum eins og alltaf. KR og Valur unnu efstu deildir okkar en það voru einnig mikil tímamót fyrir bæði Selfoss, að vinna sinn fyrsta bikartitil og Víkinga, sem unnu sinn fyrsta bikarmeistaratitil í tæp 50 ár. Það verður svo að minnast á ævintýri Gróttunnar sem vann 1. deildina. En til allra hinna sem ég nefni ekki, til hamingju með árangurinn og eljuna. Aðsóknin var góð og jókst umtalsvert sem er frábært og er það til vitnis um samstillt átak margra. Fótboltinn okkar, í öllum deildum um allt land, blómstrar og er mikilvægur okkur og samfélaginu öllu. Það má segja að fótboltinn sofi aldrei eða fari í dvala. Það er ánægjulegt hvað mikil umræða er á lofti um fyrirkomulag og lengingu mótsins. Við erum með nokkra kosti í þessu en erum sammála um að vanda vel til verka. Við munum nota tímann vel á þessu ári og finna leiðina sem við viljum fara í þessu. Við erum líka að skoða umspil í 1. deild og neðri deildarbikar sem og fyrirkomulag yngri flokka. Þetta eru spennandi tímar í mótamálum. Við tókum slaginn og sækjum fram til þess að gera fótboltann enn betri.

En víkjum þá að landsliðum okkar. Kvennalandslíðið er í fínni stöðu til þess að komast á EM 2021. Það bíða okkar spennandi leikir á móti Svíþjóð í júní og september. Karlalandsliðið er að fara í umspil á móti Rúmenum, þökk sé frábærum árangri okkar undanfarinna ára og við ætlum okkur á EM í sumar. Við erum enn í A-deild þjóðadeildarinnar sem hefst í haust. Unglingalandsliðin eru að standa sig virkilega vel og U-17 landslið karla fór alla leið í úrslit í fyrra og átti marga frábæra leiki. Öll okkar lið komust í milliriðla sem er virkilega góður árangur. Ég tel að það sé ekki síst að þakka frábærum þjálfurum og fagmennsku þeirra.

U-21 er í hörkuriðli, hefur byrjað nokkuð vel og nú höfum við ákveðið að byrja með U-21/U-23 landslið kvenna. Þarna er framtíðin okkar og við þurfum að hlúa vel að henni.

Laugardalsvöllur. Við þurfum og ætlum okkur að byggja nýjan völl. Sá völlur mun þjóna fótboltanum í heild sinni og styrkja okkar rekstur og möguleika á að ná árangri hvort sem við erum að horfa til félagsliða með lengingu móta eða landsliðanna okkar. Við erum nú með völl sem stenst engan veginn nútíma- og alþjóðlegar kröfur. Við verðum að fá ákvörðun í það mál síðar á árinu. Þetta mál verður ekki skoðað og rýnt meira. Við eigum sem hreyfing að fylkja okkur um þetta hagsmunamál.

Nýtt skipurit og innleiðing þess hófst af krafti á síðasta ári. Við erum nú með þrjú svið auk stoðdeilda þvert á sviðin. Knattspyrnusvið, sem að ég tel sé að gefa okkur ný tækifæri til uppbyggingar fótboltans. Grasrótastarfið okkar hér heima er á heimsmeikvarða en við eigum inni og getum unnið betur saman á afrekssviðinu. Það er hugmyndin m.a. á bakvið knattspyrnusviðið og yfirmann þess. Markaðssviðið hefur styrkt okkur tekjulega. Við höfum eftir okkur líka í útbreiðsluáttaki, með Mola í fararbroddi. Innanlandsdeild sér um rekstur móta með þeim rúmum 6.000 leikjum á okkar vegum árlega. Við reynum að þjóna og sinna okkar aðildarfélögum sem best við getum það er okkar markmið.

Ég vil meina að KSÍ sé framsækið knattspyrnusamband á góðri leið, sem er að þróast í rétta átt.

Til vitnis um það sjáum við nú nýtt merki KSÍ og nýtt landsliðsmerki munum við bráðlega kynna. Nýr búningasamningur verður líka kynntur síðar í vor og endurspeglar nýja tíma. Sígandi lukka þar í vinsældum með nýja merkið eins og er en þetta merki mun vinna sig upp eins og við á heimslista FIFA um árið.

Mig langar líka að koma fjármálum hreyfingarinnar, sem hafa verið í umræðunni og eru af hinu góða. Hreyfingin er tilbúin að tækla það, tel ég. Margt gott var rætt á málþinginu í gær. Við í KSÍ finnum líka fyrir erfiðara rekstrarumhverfi, aukinn kostnaður landsliða, meiri kröfur, fleiri hvíldardagar og fleiri leikir. En á móti koma meiri tekjur A-landsliðs karla. Einnig erum við að glíma við hækkun launakostnaðar eins og annar rekstur í landinu, dómarakostnaðar og ferðakostnaðar. Við munum skera niður þar sem við getum án þess að fórna gæðum starfseminnar. Það er áskorunin.

Við þurfum líka að huga að Laugardalsvelli og rekstri hans. Samkvæmt ákvæðum samnings KSÍ við Reykjavíkurborg um Laugardalsvöll höfum við farið fram á endurskoðun samnings okkar vegna breyttra forsenda. Tapið á síðasta reikningsári voru vonbrigði en við munum og erum að bregðast við því. Við verðum líka að sjá það í samhengi við veltu okkar. Árið þar á undan var þetta fimmfalt betra á hinn veginn, með 207 milljóna króna hagnaði og sveifla upp um 120 milljónir króna. Fjárhagur KSÍ er sterkur og mun verða það áfram.

Við sækjum líka fram þar sem það á við og ætlum okkur áfram að auka tekjur okkar, sjálfaflatekjur, en þær hafa aukist verulega í minni formannstíð með nýjum betrubættum samningum, breiðari og betri tekjugrunni, eins og tónleikum og vörumerkja samningum.

Ég vil síðan minnst sérstaklega á nýtt frumvarp sem er í smíðum um skattalegt umhverfi þriðja geirans og þá íþróttahreyfingarinnar. Það mun skipta okkar hreyfinguna miklu máli. Þar er á ferð gríðarlegt hagsmunamál sem varðar m.a. endurgreiðslu byggingakostnaðar og skattafrádráttar vegna styrkja, bæði einstaklinga og fyrirtækja. Við leggjum fram ályktun hér á eftir hvað það varðar.

Kæru vinir fyrir hönd stjórnar KSÍ langar mig til þess að þakka aðildarfélögum okkar gott samstarf, stjórnarfólki, sjálfbóðaliðum, leikmönnum, þjálfurum, dómurum, stuðningsmönnum, fjölmiðlamönnum og öllum þeim fjölmörgu sem koma að íslenskum fótbolta. Ég tel að við séum á réttri leið. Þeirri vegferð líkur aldrei en eitt get ég sagt að með gildin okkar m.a. að leiðarljósi; framsækni, gleði, samstöðu og virðingu, þá getum við haldið áfram að bæta það sem er orðið þekkt víða um heim og við köllum íslenskan fótbolta.

Takk fyrir kæru vinir og Ólafsvíkingar fyrir að taka á móti okkur. Með þeim orðum set ég 74. ársþing KSÍ.

Viðurkenningar fyrir síðasta starfsár

Formaður KSÍ, Guðni Bergsson, afhenti viðurkenningar:

- Grasrótarverðlaun KSÍ og UEFA til Ungmennafélags Langnesinga.
- Jafnréttisverðlaun KSÍ til Völsungs.
- Fjölmíðlaverðlaun KSÍ til Hafliða Breiðfjörð Guðmundssonar.
- Viðurkenningu fyrir dómaramál til FH.
- Háttvísiviðurkenning í Pepsi-deild karla: KR.
- Háttvísiviðurkenning í Pepsi-deild kvenna: Stjarnan.
- Háttvísiviðurkenning í Inkasso-deild karla: Keflavík.
- Háttvísiviðurkenning í Inkasso-deild kvenna: Augnablik.
- Háttvísiviðurkenning í 2. deild kvenna: Gróttá.
- Háttvísiviðurkenning í 2. deild karla: Völsungur.
- Háttvísiviðurkenning í 3. deild karla: KV og Reynir S.
- Háttvísiviðurkenning í 4. deild karla: Berserkir.

Formaður KSÍ gerði tillögu um eftirtalin í kjörbréfanefnd og voru þau sjálfkjörin:

Katla Guðjónsdóttir, formaður
Gísli Gunnar Oddgeirsson
Hjörtur Waltersson
Kjörbréfanefnd tók þegar til starfa.

Formaður KSÍ gerði tillögu um 1. og 2. þingforseta:

1. þingforseti: Guðmundur H. Pétursson
2. þingforseti: Krístrún Heimisdóttir
og voru þau bæði samþykktir af þingfulltrúum með lófataki. Þingforseti tók því næst við þingstjórn.

Þingforseti bar fram tillögu um 1. og 2. þingritara:

1. þingritari: Ágúst Ingi Jónsson
2. þingritari: Dagur Sveinn Dagbjartsson
og voru þeir báðir samþykkt með lófataki og tóku þegar til starfa.

Ávörp gesta

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, fulltrúi framkvæmdastjórnar ÍSÍ, ávarpaði þingið. Hún ræddi um rekstur íþróttafélaga og sagði rekstrarumhverfi þeirra vera erfitt. Hún minnti á mikilvægi íþróttá í samfélagi nútímans og sagði þær vera eina mikilvægustu forvörnina. Kolbrún sagði mikilvægt að sinna ungu fólki og grasrótastarfi. Hún sagði að taka þyrfti vel á móti öllum börnum sem koma til félaga og vilja æfa knattspyrnu.

Noel Mooney, fulltrúi UEFA, tók til máls. Hann talaði í upphafi um ævintýraeyjuna Ísland og ævintýrlegan árangur Íslands í fótbolta. Hann vakti athygli á árangri Íslands í knattspyrnu kvenna og sagði að Evrópukeppnin 2021 í Englandi verði stórviðburður og það væri í takt við uppgang kvennafótbolta. Noel ræddi einnig um stöðu Íslands í grasrótarmálum í fótbolta og sagði að Ísland væri fyrirmynd annarra þjóða þegar kemur að grasrótarfótbolta. Hann talaði einnig um mikilvægi þess að rannsaka hvaða áhrif fótbolti hefur á samfélag, félagslega og fjárhagslega, og nýta það til að sækja frekara fjármagn. UEFA býður upp á ýmsa kosti til aðstoðar, t.d. UEFA GROW og Football Federation of the Future. Noel hrósaði KSÍ fyrir að skynsamlega nýtingu fjármagns á undanförunum árum. Og bætti við í lokinn að knattspyrnuhreyfingin á Íslandi þyrfti nauðsynlega á nýjum þjóðarleikvangi að halda.

Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ. Haukur sagði það ánægjulegt að KSÍ skyldi halda ársþing á landsbyggðinni, slíkt væri til þess fallið að styrkja böndin. Hann ræddi um mikilvægi þess að fá börn af erlendum uppruna til að

stunda íþróttir í skipulögðu íþróttastarfi hjá félögum og hvatti til samstarfs í þeim efnum. Rauði þráðurinn í ávarpi Hauks var samvinna og samstarf, til heilla fyrir samfélagið í heild.

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsnesbæjar. Kristinn bauð gesti velkomna í Snæfellsbæ. Hann ræddi um árangur Víkings Ó. á undanförunum árum og hversu stolt bæjarfélagið væri af árangri liðsins. Kristinn sagði bæjarstjórn gera sér grein fyrir mikilvægi íþróttar fyrir sveitarfélagið. Hann ræddi einnig um mikilvægi bættrar aðstöðu hjá Víkingi Ó. Gervigrasvöllur félagsins hafi verið bylting fyrir félagið. Kristinn lauk ræðu sinni á að þakka Ejub Purisevic og Jónasi Gesti Jónassyni fyrir ómetanlegt starf fyrir Víking Ó. á undanförunum árum.

Álit kjörbréfanefndar

Katla Guðjónsdóttir flutti álit kjörbréfanefndar, en áður notaði hún tækifærið til að hvetja konur í knattspyrnuhreyfingunni til dáða.

- Frá Aftureldingu (3): Bjarki Már Sverrisson, Jón Júlíus Karlsson, Sigurbjartur Sigurjónsson.
Frá Augnabliki (3): Helgi Aðalsteinsson, Sigmar Ingi Sigurðarson, Sigurður Hlíðar Rúnarsson.
Frá Álftanesi (1): Björgvin Jóníusson.
Frá Árborg (1): Hafþór Theodórsson.
Frá Berserkjum (1): Lára Hafliðadóttir.
Frá Breiðabliki (4): Eysteinn Pétur Lárusson, Gunnar Þorvarðarson, Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir, Orri Hlöðversson.
Frá Dalvík/Reyni (2): Jóhann Már Kristinsson, Stefán Garðar Níelsson.
Frá Einherja (1): Víglundur Páll Einarsson.
Frá FH (4): Árni Rúnar Þorvaldsson, Hildur Jóna Þorsteinsdóttir, Valdimar Svavarsson, Viðar Halldórsson.
Frá Fjölur (4): Geir Kristinsson, Gunnar Hauksson, Hjörleifur Þórðarson, Kolbeinn Kristinsson.
Frá Fram (3): Ásgrímur Helgi Einarsson, Daði Guðmundsson, Ingveldur Ragnarsdóttir.
Frá Fylkir (4): Arnar Þór Jónsson, Jón Steindór Þorsteinsson, Stefanía Guðjónsdóttir, Viktor Steingrímsson.
Frá Grindavík (3): Gunnar Már Gunnarsson, Hjörtur Waltersson, Haukur Einarsson.
Frá Gróttu (4): Birgir Tjörvi Pétursson, Gunnlaugur Jónsson, Harpa Frímansdóttir, Sölvi Snær Magnússon.
Frá Hamri (1): Ágúst Örlaugur Magnússon.
Frá Hömrunum (1): Birkir H. Björgvinsson.
Frá Haukum (3): Helga Helgadóttir, Jón Björn Skúlason, Oddný Sófusdóttir.
Frá HK (4): Elmar Bergþórsson, Frosti Reyur Rúnarsson, Hanna Carla Jóhannsdóttir, Kristófer Þór Pálsson.
Frá Hetti/Huginn (1): Guðmundur Bj. Hafþórsson.
Frá ÍA (4): Heimir Fannar Gunnlaugsson, Hjálmur Dór Hjálmsson, Magnús Guðmundsson, Sigurður Þór Sigursteinsson.
Frá ÍBV (4): Daníel Geir Moritz, Haraldur Bergvinsson, Jón Ólafur Danielsson, Magnús Sigurðsson.
Frá ÍR (2): Auður Sólrún Ólafsdóttir, Matthías P. Einarsson.
Frá KA (3): Þorvaldur Makan, Elmar Dan Sigþórsson, Sævar Pétursson.
Frá Keflavík (3): Benedikta Benediksdóttir, Petra Lind Einarsdóttir, Sigurður Garðarsson.
Frá KFS (1): Hjalti Kristjánsson.
Frá KR (4): Kristinn Kjærnested, Margrét Hafsteinsdóttir, Páll Kristjánsson, Sigurður Örn Jónsson.
Frá Leikni F. (3): Brynjar Skúlason, Magnús Ásgrímsson, Svanur Freyr Árnason.
Frá Leikni R. (1): Helgi Óttarr Hafsteinsson.
Frá Létti (1): Atli Guðjónsson.
Frá Magna (3): Gísli Gunnar Oddgeirsson, Stefán Hrafn Stefánsson, Sveinn Óli Birgisson.
Frá Njarðvík (2): Árni Þór Ármannsson, Leifur Gunnlaugsson.
Frá Selfossi (4): Hafþór Sævarsson, Hjalti Þorvarðarson, Jón Steindór Sveinsson, Sævar Þór Gíslason.
Frá Sindra (1): Albert Eymundsson.
Frá Skallagrími (1): Páll S. Brynjarsson.
Frá Snæfelli (1): Jóhann Finnur Sigurjónsson.
Frá Stjörnunni (4): Halldór Ragnar Emilsson, Helgi Hrannarr Jónsson, Sæmundur Friðjónsson, Þorkell Máni Pétursson.
Frá Víði (2): Einar Danielsson, Sólmundur Einvarðsson.
Frá Víkingi Ó. (3): Gunnar Helgi Baldursson, Jóhann Pétursson, Kristmundur Sumarliðason.
Frá Víkingi R. (4): Benedikt Sveinsson, Friðrik Magnússon, Katla Guðjónsdóttir, Sverrir Geirdal.
Frá Vængjum Júpíters (1): Helgi Þorsteinsson.
Frá Ými (1): Eiríkur Öundurson.
Frá Þór (3): Kristján Sigurólason, Óðinn Svan Óðinsson, Páll Viðar Gíslason.
Frá Þrótti R. (2): Bragi Skaftason, Haukur Magnússon.
Frá Þrótti V. (2): Gunnar Helgason, Marteinn Ægisson.

Frá Ægi (1): Guðbjartur Örn Einarsson.

Fyrirnefndir 109 fulltrúar (af 147) mættu til þings og voru kjörbréf þeirra einróma samþykkt.

Framkvæmdastjóri KSÍ, Klara Bjartmarz, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar, sem einnig var að finna í gögnum þingfulltrúa og á netinu. Hún vakti sérstaka athygli á stuttri grein á bls. 35 þar sem fjallað var um fræðsluverkefni sem KSÍ vann í samstarfi við ÍSÍ til að vekja fólk til umhugsunar um höfuðhögg, en verkefnið hét „Ekki harka af þér höfuðhögg“. Klara vakti einnig athygli á verkefni sem KSÍ fór í með Parkinsonsamtökunum, en í ár verður unnið með góðgerðarsamtökunum Samferða.

Varaformaður KSÍ, Borghildur Sigurðardóttir, lagði fram endurskoðaða reikninga til samþykktar. Hún benti m.a. á að kostnaður vegna A landsliðs karla hafi farið 14% fram úr áætlun og sagði það eiga sér ýmsar skýringar, m.a. auknar kröfur um öryggisgæslu bæði á heimaleikjum og útileiknum gegn Tyrklandi í nóvember. Hagnaður KSÍ, fyrir greiðslu til aðildarfélaganna, var um 70 milljónir króna. Greiddar voru 120 milljónir króna til félaga í lok árs 2019, sem þýðir að sjóðir KSÍ lækkuðu um 50 milljónir króna.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga:

Viðar Halldórsson (FH) tók til máls. Viðar þakkaði fyrir góða skýrslu og frábært starf. Hann lýsti yfir vonbrigðum með að tap væri á ársreikningum KSÍ. Viðari þótti framsetningin á niðurstöðum reikninganna, þegar þeir voru birtir á heimasíðunni, vera ábótavant og fannst sjónum beint að því að tapið mætti rekja til greiðslu KSÍ til félaganna í landinu. Hann sagði að ekki mætti gleyma því að það væru félögin sem ættu þetta samband. Að lokum sagði Viðar að vandamál KSÍ væri ekki tekjuvandamál heldur kostnaðarvandamál. Tekjur KSÍ hefðu aukist gríðarlega á undanförunum árum og við yrðum að vanda okkur við gjaldastýringu.

Fleiri tóku ekki til máls.

Reikningar sambandsins voru samþykktir einróma.

Afgreiðsla tillagna á þingskjölum 6 - 10

Tillögur á þingskjölum 6 til 10 voru bornar upp og teknar til afgreiðslu.

Þingskjal 6 – Fjárhagsáætlun

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, hafði framsögu.

Rekstraráætlun KSÍ 2020

– Tillaga stjórnar KSÍ –

	Áætlun 2020	Raun 2019	Áætlun 2019
Rekstrartekjur			
Styrkir og framlög	1.048.425.859	904.901.964	912.059.420
Tekjur af landsleikjum	199.515.000	189.640.527	148.275.000
Sjónvarpsréttur	276.000.000	258.240.000	275.000.000
Aðrar rekstrartekjur	55.214.000	103.262.811	86.282.000
Rekstrartekjur Laugardalsvallar	42.489.816	44.387.038	59.800.000
	1.621.644.675	1.500.432.340	1.481.416.420
Rekstrargjöld			
Kostnaður við landslið	-781.355.416	-731.650.042	-643.952.188
Mótakostnaður	-218.734.505	-218.018.160	-217.025.125
Fræðslukostnaður	-59.902.040	-52.154.020	-52.333.199
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	-289.681.754	-288.315.679	-276.358.554
Húsnæðiskostnaður	-25.000.000	-23.552.661	-29.900.000
Annar rekstrarkostnaður	-10.000.000	-11.233.497	-7.500.000
Rekstrargjöld Laugardalsvallar	-95.324.000	-101.328.117	-88.459.190
Laugardalsvöllur - umspilsaðgerð	-64.000.000		
Afskriftir	-32.425.399	-32.425.399	-26.258.043
	-1.576.423.114	-1.458.677.575	-1.341.786.299
Hagnaður fyrir aðrar tekjur og gjöld	45.221.561	41.754.765	139.630.121
Aðrar tekjur og gjöld			
Styrkir vegna Mannvirkjasjóðs KSÍ	30.000.000	41.450.000	71.000.000
Framlög úr Mannvirkjasjóði KSÍ	-30.000.000	-41.450.000	-71.000.000
Fjármagnsliðir	17.800.000	27.800.083	10.500.000
	17.800.000	27.800.083	10.500.000
Hagnaður/tap ársins	63.021.561	69.554.848	150.130.121
Greiðslur til aðildarfélaganna	-128.500.000	-120.024.501	-120.500.000
Hækkun/lækkun á sjóð	-65.478.439	-50.469.653	29.630.121
Sundurliðanir			
Styrkir og framlög	Áætlun 2020	Raun 2019	Áætlun 2019
ÍSÍ	33.750.000	34.008.079	25.250.000
Íslenskar gettraunir	7.500.000	7.429.711	5.650.000
UEFA	721.166.109	450.308.967	461.504.420

FIFA	163.350.000	284.399.405	279.480.000
Ýmsir styrkir	122.659.750	128.224.817	140.175.000
	1.048.425.859	904.370.979	912.059.420
Kostnaður við landslið			
A-landslið karla			
Ferðakostnaður	179.105.000	141.412.987	128.667.200
Laun og verktakagreiðslur	134.968.588	149.247.854	145.445.189
Heimaleikir, æfingar, búnaður, sjúkravörur o.fl.	58.168.000	62.258.547	35.444.000
	372.241.588	352.919.388	309.556.389
U-21 landslið karla			
Ferðakostnaður	37.060.500	32.895.733	30.727.460
Laun og verktakagreiðslur	19.152.004	16.425.563	14.149.996
Heimaleikir, æfingar, búnaður, sjúkravörur o.fl.	9.120.000	7.432.430	4.005.745
	65.332.504	56.753.726	48.883.201
U-19 landslið karla			
Ferðakostnaður	19.750.100	9.263.931	8.824.000
Laun og verktakagreiðslur	14.295.600	12.925.177	13.124.713
Æfingar, búnaður og sjúkravörur	4.344.700	4.425.275	1.999.880
	38.390.400	26.614.383	23.948.593
U-17 landslið karla			
Ferðakostnaður	16.880.400	23.439.996	15.290.000
Laun og verktakagreiðslur	14.125.600	17.244.509	13.124.713
Æfingar, búnaður og sjúkravörur	4.045.480	7.703.118	4.239.800
	35.051.480	48.387.623	32.654.513
A-landslið kvenna			
Ferðakostnaður	57.200.200	47.426.155	52.476.100
Laun og verktakagreiðslur	67.211.904	48.804.928	42.736.890
Heimaleikir, æfingar, búnaður, sjúkravörur o.fl.	7.400.000	16.845.448	9.620.000
	131.812.104	113.076.531	104.832.990
U-23 landslið kvenna			
Ferðakostnaður	3.339.500		
Laun og verktakagreiðslur	1.435.000		
Æfingar, búnaður og sjúkravörur	0		
	4.774.500		
U-19 landslið kvenna			
Ferðakostnaður	20.118.800	17.174.545	17.039.518
Laun og verktakagreiðslur	15.021.200	14.808.725	13.774.705
Æfingar, búnaður og sjúkravörur	3.709.640	8.024.465	6.997.320
	38.849.640	40.007.735	37.811.543
U-17 landslið kvenna			
Ferðakostnaður	19.800.400	19.779.124	17.698.482
Laun og verktakagreiðslur	15.851.200	14.139.984	13.774.705
Æfingar, búnaður og sjúkravörur	3.809.600	6.411.079	3.814.800
	39.461.200	40.330.187	35.287.987
Hæfileikamótun	34.442.000	28.301.704	30.976.971
Sameiginlegur landsliðskostnaður	21.000.000	25.258.765	20.000.000
Kostnaður við landslið	781.355.416	731.650.042	643.952.187
Mótakostnaður			
Dómaralaun og launatengd gjöld	145.911.877	143.050.860	141.525.125
Ferðakostnaður dómara	16.017.445	17.935.501	22.000.000
Annar dómarakostnaður	13.105.183	13.561.290	13.000.000
Evrópukeppni félagsliða	5.000.000	4.621.564	5.500.000
Markaðs- og auglýsingakostnaður	5.500.000	9.308.858	5.000.000

Annar mótakostnaður	33.200.000	29.540.087	30.000.000
	218.734.505	218.018.160	217.025.125
Fræðslukostnaður			
Laun og verktakakostnaður	36.702.040	36.183.769	36.633.574
Landshlutaverkefni	5.000.000	2.439.222	5.000.000
Námskeið og kennslugögn	18.200.000	13.531.029	10.699.625
	59.902.040	52.154.020	52.333.199
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld	225.349.002	217.901.244	211.870.555
Annar starfsmannakostnaður	2.232.752	2.126.430	
Sími, internet, pappír, prentun og ritföng	6.700.000	7.882.459	9.110.878
Rekstrarkostnaður tölva og tækja	20.000.000	17.936.505	20.000.000
Aðkeypt sérfræðiaðstoð	11.000.000	13.517.452	12.000.000
Ráðstefnur og fundir innanlands/erlendis	10.500.000	12.021.887	9.500.000
Ársþing	8.500.000	9.876.341	10.000.000
Styrkir, framlög og gjafir	3.000.000	2.937.555	3.000.000
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	2.400.000	4.115.806	0
	289.681.753	288.315.679	276.358.555
Húsnæðiskostnaður			
Tryggingar	1.000.000	751.477	2.500.000
Húsnæðiskostnaður	24.000.000	22.801.184	27.400.000
	25.000.000	23.552.661	29.900.000

Stjórn KSÍ

Viðar Halldórsson (FH) tók til máls. Viðar sagði það sárt að sjá fjárhagsáætlun þar sem gert er ráð fyrir tapi. Viðar spurði hver staðan væri á bónusgreiðslum til leikmanna landsliðanna, bæði karla og kvenna, og sagði að stundum þyrfti að setja hnefann í borðið. Hann benti á að kostnaður við umspilsleik á Laugardalsvelli væri svipaður og áætlað tap. Brýnt væri að eignast nýjan leikvang.

Guðni Bergsson (formaður KSÍ) svaraði fyrirspurn Viðars. Hann sagði að engin breyting hefði verið gerð í formannstíð sinni á bónusgreiðslum til leikmanna A landsliðs karla í riðlakeppninni. Hins vegar hefðu greiðslur verið jafnaðar og leikmenn A landsliðs kvenna fengu sömu upphæð og leikmenn karlalandslíðsins. Guðni bætti við að verið væri að vinna að samningi við leikmenn og sá samningur tæki mið af sambærilegum samningum sem Norðurlöndin hafa gert. Hann sagði að stjórnin væri á verði hvað varðaði gjaldahliðina og verið væri að rýna skrifstofu- og landsliðskostnað, án þess að það kæmi niður á starfinu. Guðni sagði einnig að vinna við gerð nýs samnings við Reykjavíkurborg vegna Laugardalsvallar væri í gangi.

Haraldur Haraldsson (ÍTF) tók til máls. Haraldur tók undir með Viðari, vandamál KSÍ væri ekki á tekjuhliðinni heldur gjaldahliðinni og í stjórn KSÍ væri fólk meðvitað um það. Haraldur talaði um rekstur Laugardalsvallar og benti á mikilvægi þess að kostnaður vegna Laugardalsvallar væri greiddur af öðrum en Knattspyrnusambandi Íslands. Samningurinn um völlinn væri gamall og forsendur brostnar og ríki og borg ættu að vera ábyrg fyrir vellinum. Sama staða gæti komið upp aftur eftir tvö ár ef til umspils kæmi þá.

Sævar Pétursson (KA) tók til máls. Sævar ræddi um ferðapátttökugjald félaga, sem getið er um í fjárhagsáætlun, og spurði hvernig ákvörðun um það hefði verið tekin. Hann spurði hvort ferlið ætti ekki að vera annað, hvort þetta mál hefði ekki átt að fara aftur fyrir ársþing áður en ákveðið hefði verið að setja þetta inn í fjárhagsáætlun. Sævar spurði jafnframt hvort að KSÍ myndi nota samskonar viðmið við útreikninga ferðakostnaðar hjá A landsliði karla og U17 ára landsliði.

Viðar Halldórsson (FH) tók til máls. Viðar ræddi um mikilvægi þess að jafna ferðakostnað félaga og að stærstu félögin ættu að leggja sitt af mörkum í þeim málaflokki. Viðar ræddi um að greiðslur UEFA til félaga í efstu deild á Íslandi væri að fara að hækka verulega og spurði hvort að KSÍ ætlaði að greiða sömu upphæð til félaga í neðri deildum.

Guðni Bergsson (formaður KSÍ) tók til máls. Guðni svaraði fyrirspurn Sævars og sagði að það væri ekki sambærilegt að bera saman ferðakostnað A landsliða og yngri landsliða og bera það svo jafnframt saman við ferðakostnað íþróttafélaga hér á landi. Guðni svaraði jafnframt Viðari og sagði að KSÍ myndi leggja sig fram við að jafna þær greiðslur sem félögin í neðri deildum fá.

Klara Bjartmarz (framkvæmdastjóri KSÍ) tók til máls og svaraði fyrirspurn Sævars. Hún sagði að staðið hafi til að kynna málið á fundi formanna og framkvæmdastjóra síðasta haust en það hafi ekki verið tilbúið á þeim tímapunkti. Málið hefði verið kynnt betur hefði tími unnist til.

Sævar Pétursson (KA) tók til máls. Hann lýsti yfir vonbrigðum með svörin, sem hann sagði aum. Hann endurtók þá skoðun sína að málið hefði átt að fara fyrir þing á nýjan leik og ekki væri nóg að ræða svona mál í stjórninni.

Fjárhagsáætlun á þingskjali 6 var samþykkt með þorra atkvæða.

Þingskjal 7

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, hafði framsögu.

Tillaga til lagabreytinga

– Tillaga stjórnar KSÍ –

Greinar 6, 11 og 14 í lögum KSÍ**Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2020 samþykki tillögu að breytingum á greinum 6, 11 og 14 í lögum KSÍ með eftirfarandi hætti:

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögina er **grænmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

Eftirfarandi breyting er lögð til í grein 6:

6. grein - Aðrar skyldur

- 6.1. Aðildarfélög, KSÍ, leikmenn og aðrir innan KSÍ skuldbinda sig til að leika knattspyrnu í samræmi við knattspyrnulögin og í samræmi við lög og reglur FIFA/UEFA.
- 6.2. Aðildarfélag skuldbindur sig til að vinna gegn ólöglegri veðmálastarfsemi og hagræðingu úrslita leikja. Aðilum sem falla undir lög þessi og taka þátt í knattspyrnuleikjum á vegum KSÍ er óheimilt að taka þátt í veðmálastarfsemi, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við eigin leiki og eigin mót. Bann þetta tekur einnig til miðlunar upplýsinga í þeim tilgangi að hafa áhrif á veðmál og fela í sér fjárhagslegan ávinning.

Eftirfarandi breyting er lögð til í grein 11:

11. grein - Dagskrá

11.1. Dagskrá knattspyrnuþings er:

- a. Þingsetning og staðfesting á lögum í samræmi við lög þessi.
- b. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
- c. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
- d. Kosning fyrsta og annars þingritara.
- e. Ávörp gesta.
- f. Álit kjörbréfanefndar og það samþykkt.
- g. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
- h. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar KSÍ.
- i. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga, skýrslan og reikningar lagðir undir samþykki.
- j. Stjórn KSÍ leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir næsta starfsár.
- k. Tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum teknar til afgreiðslu.
- l. Tillögur um önnur mál sem borist hafa til stjórnar teknar til afgreiðslu.
- m. Önnur mál.
- n. Kosningar. Álit kjörnefndar.
 1. Kosning stjórnar.
 - a. Kosning formanns (annað hvert ár).

- b. Kosning 4ra manna í stjórn.
- c. Kosning 3ja varamanna í stjórn.
- 2. Kosning fulltrúa frá landsfjórðungum.
 - a. Kosning 4ra manna frá landsfjórðungum (annað hvert ár).
 - b. Kosning 4ra varamanna frá landsfjórðungum (annað hvert ár).
- 3. Kosning fulltrúa á íþróttabing ÍSÍ.
- 4. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
- 5. Kosning í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ (8 menn).
- 6. Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ (3 aðalmenn og 5 varamenn).
- 7. Kosning í leyfisráð KSÍ (5 menn).
- 8. Kosning í leyfisdóm KSÍ (5 menn).
- 9. Kosning fulltrúa í kjaranefnd
 - a. Kosning 3ja manna í kjaranefnd (annað hvert ár).
 - b. Kosning varamanns í kjaranefnd (annað hvert ár).
- 10. Kosning kjörnefndar, (3 menn), er starfi milli þinga.
- o. Tilnefning og staðfesting eins fulltrúa ÍTF í stjórn (annað hvert ár).
- p. o. Fundargerð þingsins borin upp til afgreiðslu.
- r. p. Þingslit.
- 11.2 Stjórn KSÍ skal senda ÍSÍ og sambandsaðilum KSÍ fundargerð þingsins innan tveggja mánaða.

Eftirfarandi breyting er lögð til í grein 14:

V. STJÓRN KSÍ

14. grein - Skipulag stjórnar KSÍ

14.1. Stjórn KSÍ skal skipuð tíu mönnum að formanni meðtöldum og þremur varamönnum. Varamenn taka sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast í sömu röð og þeir eru kosnir. Níu fulltrúar í stjórn KSÍ eru kjörnir **beinni kosningu á af** ársþingi KSÍ. **Tilnefning fulltrúa ÍTF skv. ákvæði 14.2. skal lögð fyrir ársþing til staðfestingar.**

Greinargerð

Breytingartillögur þessar eru lagðar fram af stjórn KSÍ. Á ársþingi KSÍ 2019 voru samþykktar heildarbreytingar á lögum KSÍ. Voru löggin samþykkt með þeim fyrirvara að þau myndu öðlast gildi að lokinni staðfestingu framkvæmdastjórnar ÍSÍ í samræmi við 46. grein laganna. Eftir yfirferð sína gerði Framkvæmdastjórn ÍSÍ athugasemdir við nýsamþykkt lög en staðfesti þau engu að síður með þeim fyrirvara að á knattspyrnuþingi árið 2020 yrðu lagðar til breytingar til úrbóta. Því er tillaga þessi lögð fram af stjórn KSÍ. Tillögð breyting á grein 6 er tilkomin vegna breytinga sem orðið hafa á lögum ÍSÍ.

Stjórn KSÍ

Tillaga að þingskjali 7 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 8

Guðni Bergsson (formaður KSÍ) hafði framsögu.

Tillaga til lagabreytinga – Ágreiningsmál og staðalsamningur þjálfara –

Grein 29 í lögum KSÍ

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2020 samþykki tillögu að breytingum á grein 29 í lögum KSÍ með eftirfarandi hætti:

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og ~~yfirstríkað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögin er **grænmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

Eftirfarandi breyting er lögð til í grein 29:

29. grein – Samninga- og félagaskiptanefnd

29.1. Samninga- og félagaskiptanefnd hefur eftirlit með félagaskiptum leikmanna og samningum leikmanna **og þjálfara** við aðildarfélög KSÍ. Nefndin starfar skv. reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og féлага.

29.2. Um hæfi þeirra sem skipa samninga- og félagaskiptanefnd skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Þeir sem skipaðir eru í samninga- og félagaskiptanefnd skulu ekki sitja í stjórnnum aðildarfélaga.

Greinargerð

Undanfarin misseri hafa átt sér stað viðræður á milli KSÍ og knattspyrnuþjálfarafélags Íslands KÞÍ um mögulega innleiðingu á staðalsamningum fyrir þjálfara í regluverk KSÍ. Nánar tiltekið hefur það verið skoðun stjórnar KÞÍ um nokkurt skeið að úrbóta sé þörf á stöðu þjálfara. Eitt þeirra atriða lýtur að núverandi fyrirkomulagi í ágreiningsmálum milli þjálfara og féлага/knattspyrnudeilda. Það er, að skjóta þurfi slíkum ágreiningsmálum til dómstóla þar sem ekki eru til staðar úrræði innan knattspyrnuhreyfingarinnar að leysa úr slíkum málum. Það er skoðun stjórnar KÞÍ að knattspyrnuþjálfarar standi að þessu leyti höllum fæti gagnvart mörgum öðrum starfsstéttum sem t.d. hafa ýmis úrræði að leita réttar síns á grundvelli kjarasamninga. Hefur stjórn KÞÍ m.a. bent á þetta á opinberum vettvangi og í skriflegum erindum til KSÍ, t.d. í bréfum 11. október 2017 og 9. desember 2018. Það er skoðun stjórnar KSÍ og stjórnar KÞÍ að úrbætur verði ekki knúðar fram nema um það sé samstaða innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Af þeim ástæðum samþykkti stjórn KSÍ á fundi sínum þann 22. nóvember 2019 að leggja það til að ársþing 2020 samþykkti framangreinda breytingartillögu á lögum KSÍ. Verði tillaga þessi samþykkt mun stjórn KSÍ í samvinnu við stjórn KÞÍ innleiða staðalsamning KSÍ fyrir þjálfara og gera um leið nauðsynlegar breytingar í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og féлага.

Stjórn KSÍ

Flosi Eiríksson (Breiðablik) tók til máls. Honum þótti mörgum spurningum ósvarað. Hvernig skilgreinum við þjálfara, hvað með aðra starfsmenn féлага o.s.frv.? Hann óskaði eftir frekari skýringum og lagði til að málinu yrði vísað aftur til stjórnar KSÍ og vandað verði til verka.

Guðni Bergsson (KSÍ) tók til máls. Hann taldi að þessi lagabreyting yrði til bóta og á endanum þyrfti hreyfingin að koma sér saman um staðalsamninga og innihald þeirra væri skýrt. Þarna væri á ferðinni fyrsta skref til að bæta starfsumhverfi dómara.

Viðar Halldórsson (FH) tók til máls. Hann taldi að starfsumhverfi félaga mundi versna við þetta og að þeim væri þrengt. Hann tók undir með Flosa og lagði til að þetta mál færi aftur til stjórnar til frekari umfjöllunar.

Þingskjal 8b

Knattspyrnuþing samþykkir að vísa þingskjali 8 aftur til stjórnar.

Tillaga að þingskjali 8b var samþykkt einróma.

Þingskjal 9

Ragnhildur Skúladóttir (KSÍ) hafði framsögu.

Tillaga til lagabreytinga – Leyfiskerfi í efstu deild kvenna –

Grein 35 í lögum KSÍ

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2020 samþykki tillögu að breytingum á grein 35 í lögum KSÍ með eftirfarandi hætti:

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögin er **grænmerkt**.
Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

Eftirfarandi breyting er lögð til í grein 35:

35. grein - Leyfiskerfi

35.1. Aðildarfélög, sem eiga rétt á þátttöku í efstu og 1. deild Íslandsmótsins í meistaraflokki karla **og í efstu deild Íslandsmótsins í meistaraflokki kvenna** skulu árlega sækja um þátttökuleyfi.

35.2. Til þess að fá þátttökuleyfi skulu félögin uppfylla tilteknar kröfur KSÍ varðandi skipulag, aðstöðu og fjármál. Kröfurnar eru byggðar á samræmdum staðli UEFA og íslenskum aðstæðum.

35.3. Stjórn KSÍ skal gefa út leyfishandbók KSÍ, sem gerir grein fyrir ofangreindum kröfum og leyfisferlinu. Leyfishandbókin skal vera samþykkt af UEFA.

35.4. Leyfisnefndir, kjörnar á knattspyrnuþingi, stýra leyfisferlinu ásamt leyfisstjóra sem starfar á skrifstofu KSÍ.

Greinargerð

Frá upphafi árs 2018 hefur átt sér stað undirbúningsvinna vegna mögulegrar innleiðingu á leyfiskerfi fyrir efstu deild kvenna. Alþjóða knattspyrnusambandið (FIFA) valdi KSÍ úr hópi evrópskra knattspyrnusambanda til að taka þátt í nýju tilraunarverkefni FIFA um kvennaknattspyrnu (Women's football development pilot project 2018). Markmið verkefnisins var nota leyfiskerfi sem verkfæri til að hækka staðla og umgjörð kvennaboltans, ásamt því að stuðla að meiri fagmennsku. Við vinnslu verkefnisins var megináhersla lögð á að undirbúa og kanna landslagið fyrir leyfiskerfi innan kvennaboltans hér á landi.

Eftir að starfshópur um endurskoðun á kvennaknattspyrnu var skipaður í kjölfar samþykktar á ársþingi 2019, var fram haldið við að skoða hvort setja ætti á fót leyfiskerfi fyrir efstu deild kvenna. Það er ljóst að mati starfshópsins og stjórnar KSÍ að það liggja mörg tækifæri til framfara þegar kemur að kvennaknattspyrnu og innleiðingu á leyfiskerfi fyrir efstu deild. Leyfiskerfið hefur gefið góða reynslu í efstu deildum karla hér á landi og hefur það bætt til muna faglega umgjörð íþróttarinnar. Af þeim ástæðum samþykkti stjórn KSÍ á fundi sínum þann 12. desember sl. að leggja það til samþykktar á ársþingi sambandsins árið 2020 að sett verði á laggirnar leyfiskerfi í efstu deild kvenna sem tekur mið af leyfiskerfi

UEFA fyrir þátttöku í meistaradeild kvenna. Þar með verði tekið mikilvægt skref fyrir frekari þróun kvennaknattspyrnunnar hér á landi.

Verði tillaga þessi samþykkt mun stjórn KSÍ innleiða leyfiskerfi fyrir félög í efstu deild kvenna árið 2021 sem tekur mið af leyfiskerfi UEFA sem gildir fyrir þátttöku í meistaradeild kvenna. Sjá **Viðauka I**.

Viðauki I

Leyfisforsendur fyrir Meistaradeild UEFA fyrir konur

Til að öðlast rétt til að taka þátt í Meistaradeild UEFA fyrir konur, verður leyfisumsækjandi að uppfylla eftirfarandi forsendur þátttökuleyfis.

KNATTSPYRNULEGAR FORSENDUR

1. Yngri lið

a) Gerð er krafa um tiltekinn fjölda unglíngaliða hjá leyfisumsækjanda sem eru skilgreindur hluti af félaginu, eða bundinn félaginu á löggildan hátt samkvæmt keppnisreglum KSÍ. Miða skal við eftirfarandi:

- i) a.m.k. eitt unglíngalið á aldrinum 15-19 ára (2. og 3. flokkur),
- ii) a.m.k. tvö unglíngalið á aldrinum 11-14 ára (4. og 5. flokkur).

b) Öll yngri lið kvenna á aldursbilinu 11-19 ára verða að taka þátt opinberum mótum sem eru undir stjórn eða viðurkennd af KSÍ.

c) Afreks leikmaður telst sá leikmaður í 2., 3., eða 4. aldursflokki, sem leikur með liði félags, sem er efst í keppnisröð innan síns aldursflokks (venjulega nefnt A-lið), og kemur til greina eða hefur verið valinn til þátttöku á afreks- og/eða landsliðæfingum KSÍ. Félag skal að lágmarki skrá 18 afreks leikmenn í hverjum þessara aldursflokka, nema iðkendafjöldi viðkomandi aldursflokks nái ekki viðmiðuðum lágmarksfjölda.

2. Læknisskoðun leikmanna

a) Leyfisumsækjandi í efstu deild, sem unnið hefur sér þátttökurétt í Meistaradeild UEFA fyrir konur, skal tryggja að allir leikmenn í meistaraflokki, sem eru gjaldgengir í mótinu, gangist undir læknisskoðun í samkvæmt reglugerð UEFA um læknisfræðileg málefni.

b) Leyfisumsækjandi í efstu deild, sem unnið hefur sér þátttökurétt í Meistaradeild UEFA fyrir konur, skal tryggja að allir afreks leikmenn yfir 12 ára aldri (2., 3. og 4. flokkur), sbr. skilgreiningu í grein 1c í Viðauka VII, fari í gegnum læknisskoðun fyrir viðkomandi keppnistímabil samkvæmt forskrift KSÍ og íslenski löggjöf. Staðfesting læknis á að læknisskoðunin hafi farið fram skal lögð fram af leyfisumsækjanda með leyfisumsókn.

3. Skráning leikmanna

Allir leikmenn leyfisumsækjanda, þar með taldir leikmenn í yngri flokkum frá því almanaksári sem þeir verða 9 ára, skulu skráðir sem leikmenn hjá KSÍ, samkvæmt viðeigandi greinum í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga, og samsvarandi FIFA reglugerð.

4. Skriflegir samningar við leikmenn

Leikmenn leyfisumsækjanda sem skilgreinast sem samnings- eða sambands leikmenn (samkvæmt reglum FIFA um stöðu og félagaskipti leikmanna) skulu vera með skriflegan leikmannasamning (leikmanns- eða sambandssamning) við leyfisumsækjanda samkvæmt viðeigandi greinum í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga og samsvarandi FIFA reglugerð.

5. Dómgæsla og knattspyrnulögin

Leyfisumsækjandi verður að sýna fram á að a.m.k. fyrirliði meistaraflokks og aðalþjálfari meistaraflokks hafi sótt fundi eða kynningu um dómgæslu og knattspyrnulögin á vegum KSÍ á undangengnu ári, þ.e. á árinu á undan leyfistímabilinu.

6. Jafnrétti kynþátta og vinna gegn mismunun

Leyfisumsækjandi skal móta og framfylgja stefnu um hvernig glíma skuli við kynþáttamisrétti og mismunun í knattspyrnu. Taka skal mið af 10 þrepa áætlun UEFA um kynþáttamisrétti í Reglugerð UEFA um öryggi og gæslu á leikvöngum.

7. Verndun og velferð barna

Sérhver leyfisumsækjandi skal móta stefnu og leiðbeiningar, í takt við stefnumótun ÍSÍ og UEFA til að vernda og tryggja öryggi og velferð ungra leikmanna. Þær skulu tryggja að þeir séu í öruggu umhverfi þegar þeir taka þátt í atburðum sem eru skipulagðir af leyfisumsækjanda.

MANNVIRKJAFORSENDUR

8. Leikvangur – keppnisvöllur félags í Meistaradeild UEFA fyrir konur

- Leyfisumsækjandi verður að hafa aðgang að leikvangi sem uppfyllir öll lágmarksskilyrði til keppni samkvæmt Reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga, og samkvæmt Mannvirkjareglugerð UEFA fyrir Meistaradeild UEFA fyrir konur. Þá þarf hann að vera innan yfirráðasvæðis KSÍ og vera vottaður af KSÍ.
- Ef leyfisumsækjandi er ekki eigandi leikvangsins verður hann að geta lagt fram skriflegan samning við eiganda leikvangsins sem það hyggst nota.
- Það verður að vera tryggt að hægt sé að nota leikvanginn fyrir heimaleiki leyfisumsækjanda í Meistarakeppni UEFA fyrir konur á leyfistímabilinu.
- Leikvangurinn, sem leyfisumsækjandi notar til keppni (eigin leikvangur eða leigður-/ lánsleikvangur) verður að uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í Reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga. Fyrir keppni í Meistaradeild UEFA fyrir konur er gerð krafa um að leikvangurinn uppfylli a.m.k. kröfur samkvæmt KSÍ flokki C (UEFA flokki 1).

9. Æfingaaðstaða – tiltæk fyrir félag

- Leyfisumsækjandi verður að hafa æfingaaðstöðu tiltæka allt árið.
- Það verður að vera tryggt að æfingaaðstaðan sé aðgengileg á komandi leyfistímabili fyrir öll lið félagsins, þar á meðal yngri flokkana.

STARFSFÓLKS- OG STJÓRNUNARFORSENDUR

10. Skrifstofa félags

Leyfisumsækjandi skal hafa skrifstofu fyrir framkvæmdastjóra/starfsmann og aðra aðila félagsins, s.s. stjórn, þjálfara, leikmenn og annað starfslið við stjórnun. Skrifstofan verður að vera búin nauðsynlegum tæknibúnaði til að hafa samskipti við KSÍ, almenning og aðra. Meðal nauðsynlegs búnaðar er GSM-sími, bréfasími, tölvupóstfang, vefsíða. Skrifstofan skal vera opin að jafnaði a.m.k. 2 tíma á dag að sumarlagi, og a.m.k. 4 tíma í viku að vetrarlagi.

11. Framkvæmdastjóri / starfsmaður

Leyfisumsækjandi skal hafa starfsmann sem er ráðinn af stjórn félagsins. Hann skal ábyrgur fyrir daglegum rekstri þess tengdum kvennknattspyrnu. Réttindum og skyldum starfsmanns skal lýst í samningi eða starfsskilmálum, þar sem fram kemur nauðsynlegt umboð hans til að koma fram fyrir hönd félagsins. Ekki er gerð krafa um að starfsmaðurinn sé í fullu starfi. Mælt er með að hann sé a.m.k. í hálfu starfi, en heimilt er að sjálfboðaliði gegni starfinu.

12. Læknir

Leyfisumsækjandi skal hafa í þjónustu sinni a.m.k. einn lækni. Verkefni hans eru m.a.: - að sjá til þess að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að leikmenn meistaraflokks kvenna hjá félaginu fái sem besta sjúkramedferð á æfingum og í leikjum, - eftirlit og ráðgjöf vegna meiðsla leikmanna og líkamsástands þeirra, - eftirlit og ráðgjöf vegna lyfjanotkunar, - stefnumótun í forvörnum gegn lyfjamisnotkun á vegum félagsins. Læknirinn verður að vera með gilt starfsleyfi frá heilbrigðisyfirvöldum (Landlæknisembættinu).

13. Sjúkraþjálfari

Leyfisumsækjandi skal hafa í þjónustu sinni a.m.k. einn sjúkraþjálfara. Hann ber ábyrgð á sjúkraþjálfun og ráðgjöf við nudd hjá meistaraflokki kvenna á æfingum og í leikjum hjá félaginu. Jafnframt skal hann vinna að forvörnum vegna meiðsla og að fræðslu leikmanna og þjálfara um íþróttameiðsli, orsök þeirra og afleiðingar, og að öðrum tengdum verkefnum. Sjúkraþjálfarinn verður að vera með gilt starfsleyfi frá heilbrigðisyfirvöldum (Landlæknisembættinu).

14. Aðalþjálfari meistaraflokks kvenna

Leyfisumsækjandi verður að hafa skipað aðalþjálfara sem er ábyrgur fyrir knattspyrnulegri stjórnun meistaraflokks kvenna hjá félaginu. Hann ber faglega ábyrgð á starfi og árangri flokksins. Hann verður a.m.k. að uppfylla eina af eftirfarandi lágmarkskröfum um menntun:

- KSÍ A / UEFA A þjálfaragráðu sem er í gildi (æðsta þjálfaragráða KSÍ), eða

- b) gilda þjálfaragráðu sem metin er sem sambærileg við KSÍ A / UEFA A og viðurkennd af UEFA sem slík.

15. Þjálfari unglingsstarfs

Leyfisumsækjandi verður að hafa minnst einn þjálfara fyrir hvern aldursflokk kvenna 12 ára og eldri hjá félaginu, þ.e. 2., 3. og 4. flokk, sem hefur gilda KSÍ B / UEFA B þjálfaragráðu og hefur jafnframt lokið stigi KSÍ V, og er ábyrgur fyrir flokknum og knattspyrnulegu uppeldi í honum.

16. Réttindi og skyldur

Réttindi og skyldur starfslíðs, sem er fjallað um í greinum 10-15, skulu skilgreind skriflega.

17. Skylda um endurráðningu á leyfistímabilinu

- a) Ef starf sem er skilgreint í greinum 10-15 losnar á leyfistímabilinu, þá ber leyfishafa að tryggja að við starfinu taki einstaklingur sem fullnægir þeim kröfum sem gerðar eru til starfsins, innan 60 daga að hámarki.
- b) Ef starf sem er skilgreint í greinum 10-15 losnar á leyfistímabilinu vegna veikinda eða slyss getur leyfisveitandi framlengt 60 daga tímabilið, en þó aðeins ef augljóst er að viðeigandi starfsmaður getur enn ekki tekið aftur við starfinu af heilbrigðisástæðum.
- c) Leyfishafi skal tilkynna KSÍ, sem leyfisveitanda, um endurráðninguna strax, eða eigi síðar en innan viku.

LAGALEGAR FORSENDUR

18. Yfirlýsing um að virða reglur sem gilda vegna þátttöku í Meistaradeild UEFA fyrir konur

- a) Leyfisumsækjandi verður að staðfesta með löggildri yfirlýsingu að hann:
- viðurkenni og virði lög, reglugerðir, tilmæli og ákvarðanir FIFA, UEFA og KSÍ, og viðurkenni jafnframt dómsvald Íþróttadómstólsins í Lausanne (CAS) eins og kveðið er á um í viðeigandi greinum í lögum UEFA,
 - muni taka þátt í keppnum á Íslandi sem eru á vegum KSÍ eða viðurkenndar af KSÍ (Íslandsmót, bikarkeppnir, o.s.frv.),
 - muni á alþjóðavettvangi taka þátt í keppnum viðurkenndum af UEFA eða FIFA; til að taka af allan vafa þá nær þetta ákvæði ekki yfir vináttuleiki,
 - muni tilkynna leyfisveitanda strax um sérhverja umtalsverða breytingu, atburð eða skilyrði, sem hefur mikla fjárhagslega þýðingu,
 - muni hlíta og fylgja ákvæðum og skilyrðum Leyfisreglugerðar KSÍ,
 - muni hlíta og fylgja ákvæðum og skilyrðum Reglugerðar UEFA um þáttökuleyfi og fjárhagslega háttvísi,
 - tryggi að öll framlögð gögn til KSÍ séu fullgerð og rétt,
 - gefi leyfisstjórn og leyfisnefndum KSÍ, leyfisstjórn UEFA, Eftirlitsnefnd UEFA með fjárhag félaga og öðrum viðeigandi dómstólum (Organs for Administration of Justice) heimild til að skoða hvaða gögn sem við eiga, og leita allra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til útgáfu þáttökuleyfisins, hjá yfirvöldum eða fyrirtækjum sem heimildir eru um samkvæmt íslenskum lögum.
 - viðurkenni rétt UEFA til að gera skyndikannanir á Íslandi samkvæmt grein 73 í reglugerð UEFA um þáttökuleyfi og fjárhagslega háttvísi.
- b) Þessi staðfesting skal lögð fram með formlegri undirskrift sem er ekki eldri en þriggja mánaða við afhendingu leyfisgagna til leyfisveitanda.

19. Lágmarks lagalegar upplýsingar

- a) Leyfisumsækjandi verður að láta leyfishafa í té afrit af gildandi lögum sínum. Lögin skal jafnframt birta á vefsíðu félagsins.
- b) Leyfisumsækjandi verður enn fremur að láta KSÍ í té upplýsingar, annað hvort með listun úr opinberri skrá, eða listun úr félagaskrá KSÍ/ÍSÍ með eftirfarandi upplýsingum um félagið:
- Fullt löggilt nafn,
 - aðsetur (heimilisfang),

- iii) lögformlega uppbyggingu,
- iv) lista yfir löggilda fulltrúa (fullt nafn og heimilisfang), og
- v) gerð undirskriftar sem krafist er fyrir formlegar athafnir (einstakar, sameiginlegar, o.s.frv.).

FJÁRHAGSLEGAR FORSENDUR

20. Ársreikningur

- a) Án tillits til lagaumhverfis leyfisumsækjanda skal hann láta útbúa og skila til leyfisveitanda ársreikningi sem er miðaður við tímabilið 1. janúar til 31. desember (almanaksárið) og skal hann saminn í samræmi lög um ársreikninga nr. 3/2006 en með sundurliðun um sértæka knattspyrnulega þætti samkvæmt reglugerð þessari. Ársreikningurinn skal tilbúinn fyrir viðeigandi tímamörk leyfisumsóknar til KSÍ (20. febrúar og 5. apríl fyrir fjárhagsforsendur), og þar með fyrir þá dagsetningu þegar KSÍ sendir lista um leyfisákvæðanir KSÍ til UEFA (31. maí).
- b) Hjá félögum í efstu deild kvenna er fullnægjandi að áritun endurskoðanda sé könnunaráritun (ISRE 2400), nema aðrar skyldur vegi þyngra þar.
- c) Ársreikningurinn skal a.m.k. samanstanda af: Rekstrarreikningi, efnahagsreikningi, sjóðstreymi og skýringum.

21. Engin vanskil við knattspyrnufélög, starfsmenn eða opinbera aðila /skattayfirvöld

Leyfisumsækjandi þarf að sýna fram á hann sé ekki í vanskilum við önnur knattspyrnufélög vegna félagaskipta, starfsmenn eða opinbera aðila / skattayfirvöld, eins og þau eru skilgreind í greinum 53, 54 og 55 í reglugerðinni

Hugtakið „starfsmenn“ nær til eftirfarandi einstaklinga:

Allra samningsleikmanna („professional“ samkvæmt reglum FIFA um stöðu og félagaskipti leikmanna), og allra sambandsleikmanna samkvæmt reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og féлага, sem og stjórnenda, þjálfara, sjúkrastarfsmanna og annarra starfsmanna sem eru skilgreindir undir 11-15 hér að ofan.

Stjórn KSÍ

Viðar Halldórsson (FH) tók til máls. Hann taldi að samþykkt tilögunnar kallað á aukna vinnu og aukinn kostnað félaganna. Hann sagðist vænta þess að fjármagn kæmi frá KSÍ til stuðnings, við innleiðingu á leyfiskerfi í efstu deild kvenna.

Borghildur Sigurðardóttir (KSÍ) tók til máls. Hún sagði að það væri skýrt að KSÍ myndi setja fjármuni í innleiðingu leyfiskerfis þar til UFA hefði breytt sínum reglum og fjármagn kæmi þaðan.

Tillaga að þingskjali 9 var samþykkt einróma.

Þingskjal 10

Sigurður Sigursteinsson (ÍA) hafði framsögu.

Tillaga til lagabreytinga
– Fjölgun í Pepsi Max deild karla–

Grein 33 í lögum KSÍ**Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2020 samþykki breytingar á grein 33.1. í lögum KSÍ með eftirfarandi hætti:

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og ~~yfirstríkað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **grænmerkt**.

Eftirfarandi breyting er lögð til á grein 33.1.:

33.1. Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttakandi liðum skipt í 5 deildir, efsta deild skal skipuð ~~14~~12 liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum, 3. deild 12 liðum og 4. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í fjórum efstu deildunum.

Ákvæði til bráðabirgða 2020

Efsta deild karla skal skipuð 12 liðum árið 2020. Efsta deild karla skal skipuð 14 liðum árið 2021.

Í efstu deild karla árið 2021 leika 14 lið – þau lið sem hafna í 1.-11. sæti í efstu deild karla 2020 og þau lið sem hafna í 1.-3. sæti í 1. deild karla 2020.

Í 1. deild karla árið 2021 leika 12 lið – það lið sem hafnar í 12. sæti í efstu deild karla 2020, þau lið sem hafna í 4.-11. sæti í 1. deild karla 2020 og þau lið sem hafna í 1.-3. sæti í 2. deild karla 2020.

Í 2. deild karla árið 2021 leika 12 lið – það lið sem hafnar í 12. sæti í 1. deild karla 2020, þau lið sem hafna í 4.-11. sæti í 2. deild karla 2020 og þau lið sem hafna í 1.-3. sæti í 3. deild karla 2020.

Í 3. deild karla árið 2021 leika 12 lið – það lið sem hafnar í 12. sæti í 2. deild karla 2020, þau lið sem hafna í 4.-11. sæti í 3. deild karla 2020 og þau lið sem hafna í 1.-3. sæti í 4. deild karla 2020.

Í 4. deild karla árið 2021 leika þau lið, sem ekki eiga sæti í fjórum efstu deildunum.

Greinargerð

Lagt er til að liðum í efstu deild karla fjölgi úr 12 í 14 lið keppnistímabilið 2021. Keppnistímabilið 2020 fellur aðeins eitt lið úr efstu deild karla. Úr 1.- 4. deild karla fara þrjú lið upp úr hverri deild og eitt lið fellur úr hverri deild (sjá nánar í Viðauka I). Þetta fyrirkomulag er fyrst og fremst hugsað til þess að fleiri ungir íslenskir leikmenn fái tækifæri til að spila í meistaraflokki og fái þannig meiri spiltíma. Myndi það efla íslenska knattspyrnu til framtíðar. Samhliða myndu þannig fleiri leikmenn fá betri leiki.

Félög á landinu, í 1.-4. deild, fá aukið svigrúm til endurskipulagningar á sínum rekstri í ljósi þess að færri lið falla milli deilda en áður. Í ljósi erfiðs rekstrarumhverfis, og fyrirsjáanlegu framhaldi á því, er mikilvægt að félögin fái tækifæri til að skoða rekstur sinn og stefnur. Samhliða því munu fleiri félög eiga möguleika á því að klífa upp milli deilda og komast þannig í auknar tekjur. Slíkt myndi leiða af sér betri og faglegri umgjörð sem er félögum til mikilla hagsbóta.

ÍA

Viðauki I

Tillaga að fjölgun liða í Pepsi Max karla árið 2021

Með þessari tillögu er markmið okkar hjá Knattspyrnufélagi ÍA að efla íslenska knattspyrnu í heild sinni.

Útfærsla tillögu

- Árið 2021 yrði Pepsi Max 14 liða deild
 - Áfram tvöföld umferð með sama leikjafyrirkomulagi.
 - Það þýðir 4 auka leikir sem yrðu allir spilaðir í apríl.

	Fjöldi liða 2020	Falla 2020	Fara upp 2020		Fjöldi liða 2021
Pepsi	12	1	0	Pepsi	14
1.deild	12	1	3	1.deild	12
2.deild	12	1	3	2.deild	12
3.deild	12	1	3	3.deild	12
4.deild	Riðlar	0	3	4.deild	Riðlar

- 2., 3. og 4. deild karla yrði óbreytt leikjafyrirkomulag

Í

Fyrirsjáanlegir kostir tillögunnar

Þetta fyrirkomulag er fyrst og fremst hugsað til þess að fleiri ungir íslenskir leikmenn fái tækifæri til að spila í meistaraflokki og fái þannig meiri spiltíma. Myndi það efla íslenska knattspyrnu til framtíðar. Samhliða myndu þannig fleiri leikmenn fá betri leiki.

Félög á landinu, í 1.-4. deild, fá aukið svigrúm til endurskipulagningar á sínum rekstri í ljósi þess að færri lið falla milli deilda en áður. Í ljósi erfiðs rekstrarumhverfis, og fyrirsjáanlegu framhaldi á því, er mikilvægt að félögin fái tækifæri til að skoða rekstur sinn og stefnur.

Samhliða því munu fleiri félög eiga möguleika á því að klífa upp milli deilda og komast þannig í auknar tekjur. Slíkt myndi leiða af sér betri og faglegri umgjörð sem er félögum til mikilla hagsbóta.

Ef einhverjar spurningar vakna eða þið sjáið fram á að ykkar félag vilji styðja þessa tillögu hvetjum við áhugasama til að hafa samband við okkur Skagamenn á skrifstofu félagsins í síma 431-1109 og 6916800 eða senda tölvupóst á netfangið kfia@kfia.is

ÍA lagði fram breytingartillögu.

Þingskjal 10b

Breytingartillaga við þingskjal 10

– Fjölgun í Pepsi Max deild karla –

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2020 samþykki eftirfarandi breytingartillögu við þingskjal nr. 10 með eftirfarandi hætti:

KFÍA gerir það að tillögu sinni ásamt stjórn KSÍ að á grundvelli skýrslu starfshóps um Pepsi Max deild karla og fjölgun leikja og framkominnar tillögu ÍA á þingskjali 10 verði nýr starfshópur skipaður til þess að fara ítarlega yfir málið og þá kosti sem reifaðir hafa verið. Ber starfshópnum að skila álitu sínu og tillögum eigi síðar en 1. september 2020.

KFÍA og Stjórn KSÍ

Guðni Bergsson (KSÍ) tók til máls. Stjórn KSÍ fundaði um þessa breytingartillögu daginn fyrir þing og Guðni taldi að tillaga að þingskjali 10b væri góð tillaga, að málið yrði tekið til frekari umfjöllunar.

Tillaga að þingskjali 10b var samþykkt með meginþorra atkvæða.

Þingskjal 11

Sigurður Sigursteinsson (ÍA) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar

– Fjöldi leikmanna á leikskýrslu í 2., 3. og 4. flokki –

Grein 9.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2020 samþykki breytingar á grein 9.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót með eftirfarandi hætti:

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **grænmerkt**.

Eftirfarandi breyting er lögð til í grein 9.3.:

9.3. Í keppni ~~7- og 8 og 11~~ manna liða er varamönnum og liðsstjórn heimilt að sitja á varamannabekk. Varamenn mega ekki vera fleiri en 5 og skulu þeir skráðir á leikskýrslu sem og nöfn allt að 5 manna í liðsstjórn. Í 2., 3. og 4. aldursflokki mega varamenn á leikskýrslu vera allt að 7 og nöfn allt að 5 manna í liðsstjórn. Í meistaraflokki mega varamenn ~~þé~~ vera allt að 7 og allt að 7 menn í liðsstjórn. Á leikskýrsluna skal tilgreina kennitölu leikmanna og forráðamanna (fæðingardag í tilfelli útlendinga).

Lagt er til að áfram verði hægt að skipta öllum (7) varamönnum inn á í hverjum leik í nefndum aldursflokkum með þeirri takmörkun að aðeins yrði heimilt að gera að hámarki 4 skiptingar í síðari hálfleik (og/eða framlengingu þegar við á). Yrði sú tilhögun samhljóma núverandi tilhögun á skiptingum í deildabikarkeppni karla (Lengjubikarnum).

Lagt er til að gerðar verði breytingar til samræmis á öðrum ákvæðum laga- og reglugerða KSÍ, svo sem gr. 24, 25, 26, 30, 31 og 32 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Greinargerð

Lagt er til að hámarksfjöldi leikmanna á leikskýrslu í 2., 3. og 4. aldursflokki í hverju liði verði 18 í stað 16. Varamönnum myndi því fjölga úr 5 í 7 í nefndum flokkum. Áfram verði hægt að skipta öllum varamönnum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að aðeins yrði heimilt að gera að hámarki 4 skiptingar í síðari hálfleik (og/eða framlengingu þegar við á). Yrði sú tilhögun samhljóma núverandi tilhögun á skiptingum í deildabikarkeppni karla (Lengjubikarnum). Þessi tilhögun kemur til með að gefa þjálfurum tækifæri til að gefa öllum leikmönnum verkefni og verður til þess að ólíklegra sé að það þurfi að skilja leikmenn eftir heima. Oft er það þannig að þjálfarar taka þá ákvörðun að hafa ekki markmann á bekknum því ólíklegt er að honum sé skipt inná, sem myndi breytast með þessu. Lið sem t.d. hafa 36 iðkendur geta ekki verið með fleiri en tvö lið og það er ekki möguleiki að gefa öllum tækifæri að taka þátt. Með þessari breytingu verður það hægt.

ÍA

Sigurður Sigursteinsson (ÍA) benti á að vankantar væru á tillögunni er snúa að takmörkun á skiptingum í 4. aldursflokki, sem nú eru frjálsar.

Þingforseti óskaði eftir heimild þingsins til að fella út úr þingskjali 11 þann hluta er snýr að 4. flokki. Sú tillaga þingforseta var samþykkt einróma.

Þingskjal 11b

Tillaga til ályktunar

– Fjöldi leikmanna á leikskýrslu í 2. og 3. flokki –

Grein 9.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2020 samþykki breytingar á grein 9.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót með eftirfarandi hætti:

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **grænmerkt**.

Eftirfarandi breyting er lögð til í grein 9.3.:

9.3. Í keppni ~~7-og 8 og 11~~ manna liða er varamönnum og liðsstjórn heimilt að sitja á varamannabekk. Varamenn mega ekki vera fleiri en 5 og skulu þeir skráðir á leikskýrslu sem og nöfn allt að 5 manna í liðsstjórn. **Í 2. og 3. aldursflokki mega varamenn á leikskýrslu vera allt að 7 og nöfn allt að 5 manna í liðsstjórn. Í meistaraflokki mega varamenn ~~þé~~ vera allt að 7 og allt að 7 menn í liðsstjórn. Á leikskýrsluna skal tilgreina kennitölu leikmanna og forráðamanna (fæðingardag í tilfelli útlendinga).**

Lagt er til að áfram verði hægt að skipta öllum (7) varamönnum inn á í hverjum leik í nefndum aldursflokkum með þeirri takmörkun að aðeins yrði heimilt að gera að hámarki 4 skiptingar í síðari hálfleik (og/eða framlengingu þegar við á). Yrði sú tilhögun samhljóma núverandi tilhögun á skiptingum í deildabikarkeppni karla (Lengjubikarnum).

Lagt er til að gerðar verði breytingar til samræmis á öðrum ákvæðum laga- og reglugerða KSÍ, svo sem gr. 24, 25, 26, 30, 31 og 32 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Svo breytt var tillaga að þingskjali 11b samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þingskjal 12

Sigurður Sigursteinsson (ÍA) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar

– Dómarar í 2. flokki –

Greinar 19.2. og 19.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót**Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2020 samþykki breytingar á greinum 19.2. og 19.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót með eftirfarandi hætti:

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og ~~yfirstríkað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **grænmerkt**.

Eftirfarandi breyting er lögð til í greinum 19.2. og 19.3.:

19.2. KSÍ skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir dómara í leikjum í eftirfarandi mótum:

- a. öllum mótum KSÍ í meistaraflokki,
- b. ~~A-og-B-deild~~ 2. flokks karla og kvenna
- c. bikarkeppni 2. flokks karla og kvenna frá 8 liða úrslitum,
- d. úrslitakeppnum og úrslitaleikjum yngri flokka og eldri flokks.

KSÍ skal einnig tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í sömu leikjum, þar sem þess er krafist, nema í keppni U23 ára liða og leikjum 2. aldursflokks.

19.3. Heimalið skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir dómara í leikjum í eftirfarandi flokkum og mótum:

- a. landsmótum yngri flokka (deildum og riðlum) [en ekki í ~~A-og-B-deild~~ 2. flokks karla og kvenna]
- b. bikarkeppni yngri flokka, [en ekki í bikarkeppni 2. flokks karla og kvenna frá 8 liða úrslitum],
- c. keppni eldri flokka (riðlakeppni).

Heimalið skal tilnefna og vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í leikjum í eftirfarandi flokkum og mótum:

- a. ~~Íslandsmóti og~~ bikarkeppni 2. flokks,
- b. keppni eldri flokka (riðlakeppni),
- c. í öðrum leikjum

Heimalið getur tilnefnt aðstoðardómara á leiki í keppni 11 manna liða þó þess sé ekki krafist.

Greinargerð

Lagt er til að KSÍ leggi fram dómaratrío á leiki í Íslandsmóti í 2. aldursflokki. Mikilvægt er hafa dómaratrío sem er hlutlaust, svo iðkendur/leikmenn þekki ekki dómarana. Meira er farið að vera í húfi í keppni hjá 2. aldursflokki, en félög er farin að berjast um að vinna sér þátttökurétt í Evrópukeppni. Keppnin er orðin stærri sýningargluggi og vel er fylgst með ungum leikmönnum í dag.

ÍA

ÍA lagði fram breytingartillögu

Þingskjal 12b

Breytingartillaga við þingskjal 12

– Dómarar í 2. flokki –

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2020 samþykki eftirfarandi breytingartillögu við þingskjal nr. 12 með eftirfarandi hætti:

Lagt er til að stjórn KSÍ kanni möguleika á því að leggja fram og raða dómurum og aðstoðardómurum á alla leiki í Íslandsmóti í 2. aldursflokki. Þannig verði tillögu á þingskjali nr. 12 vísað í viðeigandi farveg og til frekari ákvörðunar hjá stjórn KSÍ.

ÍA

Tillaga að þingskjali 12b var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þingskjal 13

Auður Sólrún Ólafsdóttir (ÍR) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar

– Leikmannssamningar í 1. og 2. deild kvenna –

Grein 14.5. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2020 samþykki breytingar á grein 14.5. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga með eftirfarandi hætti:

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og ~~yfirstríkað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **grænmerkt**.

Eftirfarandi breyting er lögð til í grein 14.5.:

- 14.5. Aðeins félögum í **efstu Pepsi-deildum karla og kvenna**, 1. deild karla **og kvenna**, og 2. deild karla **og kvenna** ~~og í Pepsi-deild kvenna~~ er heimilt að gera leikmannssamning. Félag sem gerir leikmannssamning kallast samningsfélag (professional club). Leikmannssamning er heimilt að gera til allt að fimm keppnistímabila í **efstu Pepsi-deildum karla og kvenna**, en þriggja keppnistímabila í 1. deild karla **og kvenna**; og 2. deild karla **og kvenna** ~~Pepsi-deild kvenna~~, sbr. þó næstu grein.

Greinargerð

Núverandi fyrirkomulag gerir einungis 10 liðum á ári kleift að gera leikmannsamninga en þeir eru forsendur þess að leikmenn geti gert tímabundin félagaskipti enda sambandsamningur metinn sem áhugamannsamningur hjá FIFA. Grundvallarmunur er á tímabundnum félagaskiptum og almennum félagaskiptum og hefur það þýtt að mjög er þrengt að félagaskiptum kvennaliða enda stórt skref að yfirgefa samningsfélag vegna mögulegra skammtímahagsmuna er snúa að því að fá mínútur í keppnisleikjum í meistaraflokki. Með því að tryggja jafnrétti þriggja efstu deilda karla og kvenna þegar kemur að gerð samninga munu fleiri leikmenn fá mínútur í meistaraflokki sem er öllum til hagsbóta. Samningsfélag leikmannsins hefur úr sömu kostum að velja og áður en nú einnig með möguleika á að lána leikmönnum í sömu deild (sem ekki er hægt nú nema í Pepsi deild kvenna megin), fleiri lið geta gert samninga við leikmenn en boðið þeim uppá þann möguleika að fá reynslu hjá öðru liði ef þeir fá ekki mínútur í sínu liði og fleiri leikmenn fá mínútur í meistaraflokksknattspyrnu.

Einnig er horft til þess að auknir möguleikar á fleiri tímabundnum félagaskiptum geta leitt til þess að lið sem nú eru að koma fótum undir eða styrkja starf í meistaraflokkum kvenna í knattspyrnu ættu meiri möguleika á að fá tímabundna aðstoð frá mun fleiri liðum en nú er. Þurfi að skilja leikmenn eftir heima. Oft er það þannig að þjálfarar taka þá ákvörðun að hafa ekki markmann á bekknum því ólíklegt er að honum sé skipt inná, sem myndi breytast með þessu. Lið sem t.d. hafa 36 iðkendur geta ekki verið með fleiri en tvö lið og það er ekki möguleiki að gefa öllum tækifæri að taka þátt. Með þessari breytingu verður það hægt.

ÍR

Borghildur Sigurðardóttir (KSÍ) tók til máls. Hún óskaði eftir að gerð yrði breyting á þessari tillögu og að tillögunni yrði vísað til starfshóps um heildarendurskoðun á knattspyrnu kvenna.

Borghildur Sigurðardóttir lagði fram breytingartillögu við þingskjal 13, þingskjal 13b:

Þingskjal 13b

Lagt er til að tillaga til ályktunar á þingskjali 13 verði vísað í starfshóp um heildarendurskoðun kvennaknattspyrnu.

Ásgrímur Helgi Einarsson (Fram) tók til máls. Hann taldi nauðsynlegt að lið í 1. deild fengju heimild til að gera leikmannasamninga. Hann lagði fram aðra breytingartillögu, þingskjal 13c:

Þingskjal 13c

Lagt er til að tillagan nái einungis til 1. deildar kvenna.

Sigurður Garðarsson (Keflavík) tók til máls. Hann taldi að málið væri brýnt og að það þyldi illa langa meðferð. Hann lagðist gegn því að þessi tillaga færi í starfshópinn um heildarendurskoðun um knattspyrnu kvenna. Hann lýsti hins vegar yfir stuðningi við þingskjal 13c.

Jón Björn Skúlason (Haukar) tók til máls. Hann tók undir með Sigurði og Ásgrími. Jón Björn taldi mjög mikilvægt að hægt væri að lána leikmenn til annarra félaga og taldi það vera til framdráttar fyrir knattspyrnu kvenna á Íslandi. Hann taldi að brýnt væri að afgreiða og samþykkja tillögu að þingskjali 13c.

Guðjón Bjarni Hálfðánarson (KSÍ) tók til máls. Hann lýsti yfir stuðningi við tillögu Borghildar (þingskjal 13b). Guðjón telur mikilvægt að skoða málið frá öllum sjónarhornum.

Auður Sólrún Ólafsdóttir (ÍR) tók til máls. Hún óttaðist að málið tæki of langan tíma færi það í starfshóp og taldi brýnt að afgreiða málið sem fyrst. Auður lýsti yfir stuðningi við þingskjal 13c.

Tillaga að þingskjali 13c var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga að þingskjali 13b var felld.

Þingskjal 13, með áorðnum breytingum (þingskjal 13c), var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þingskjal 14

Guðni Bergsson (formaður KSÍ) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar

– Endurgreiðslur skatta og gjalda til félagasamtaka –

Tillagan hljóðar svona:

74. ársþing KSÍ, haldið þann 22. febrúar í Ólafsvík, samþykkir að beina þeirri eindregnu áskorun til Alþingis og fjármálaráðherra að samþykkja sem fyrst tillögur sem lagðar hafa verið fram um endurgreiðslur skatta og gjalda til félagasamtaka sem starfa að almannaheillaverkefnum. Einnig er þar að finna tillögur um möguleg úrræði í skattakerfinu til þess að gera bæði fyrirtækjum og einstaklingum frekar kleift að styðja við íþróttahreyfinguna með framlögum.

Fyrir íþróttahreyfinguna er hvað mikilvægast í þessu efni að til komi endurgreiðsla á virðisaukaskatti vegna íþróttamannvirkja. Mál þetta hefur verið í vinnslu um allnokkra hríð án þess að fá afgreiðslu. Nefnd sem skipuð var á síðasta ári hefur skilað álit sínu og því ætti ekkert að vera að vanbúnaði að hrinda málinu í framkvæmd. Endurgreiðsla virðisaukaskatts til almannaheillafélaga mun án vafa hraða nauðsynlegri uppbyggingu mannvirkja, sem skila fljótt og örugglega ríkulegum arði til samfélagsins í því almannaheillastarfi sem sjálfbóðaliðar þessara félaga bera uppi.

Stjórn KSÍ

Guðni lagði til að orðalag tillögunnar yrði breytt.

Þingforseti óskaði eftir heimild þingsins til að breyta orðalagi tillögunnar.

Sú ósk var samþykkt.

Þingskjal 14 með áorðnum breytingum**Tillaga til ályktunar**

– Endurgreiðslur skatta og útgjalda til félaga eða félagasamtaka ásamt öðrum úrræðum til hjálpar
Íþróttahreyfingunni –

Tillagan hljóðar svona:

74. ársþing KSÍ, haldið þann 22. febrúar í Ólafsvík, samþykkir að beina þeirri eindregnu áskorun til Alþingis og fjármálaráðherra að samþykkja sem fyrst tillögur að lagafrumvarpi sem lagðar hafa verið fram um endurgreiðslur skatta og útgjalda til félaga eða félagasamtaka sem starfa að almannaheillaverkefnum. Einnig er þar að finna tillögur um möguleg úrræði í skattakerfinu til þess að gera bæði fyrirtækjum og einstaklingum frekar kleift að styðja við íþróttahreyfinguna með framlögum.

Fyrir íþróttahreyfinguna er hvað mikilvægast í þessu efni að til komi endurgreiðsla á virðisaukaskatti eða ígildi hans vegna uppbyggingu íþróttamannvirkja. Mál þetta hefur verið í vinnslu um allnokkra hríð án þess að fá afgreiðslu. Starfshópur sem skipaður var á síðasta ári hefur skilað álit sínu og því ætti ekkert að vera að vanbúnaði að hrinda málinu í framkvæmd. Endurgreiðsla hluta byggingakostnaðar til almannaheillafélaga mun án vafa hraða nauðsynlegri uppbyggingu mannvirkja, sem skila fljótt og örugglega ríkulegum arði til samfélagsins í því almannaheillastarfi sem sjálfbóðaliðar þessara félaga bera uppi.

Stjórn KSÍ

Tillaga að þingskjali 14, með áorðnum breytingum, var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Önnur mál.

Samþykkt síðasta stjórnarfundar um hlutfall kynja í nefndum – Borghildur Sigurðardóttir, varaformaður KSÍ

Kynning sviðsstjóra knattspyrnusviðs á hlutverki sínu/verkefnum deildarinnar – Arnar Þór Viðarsson

Samantekt á umræðum á málþingi – Ragnhildur Skúladóttir

Umræðuefni málþingsins voru:

Kynning á tillögum sem lágu fyrir ársþinginu og umræður, heildarendurskoðun kvennaknattspyrnu og stefnumótun til framtíðar – samþykkt á 73. ársþing KSÍ, kynning á vinnu HK og KPMG varðandi stefnumótun og markmiðasetningu til framtíðar, pallborðsumræður um rekstrarumhverfi knattspyrnuhreyfingarinnar.

Ferðapátttökugjald - Ingi Sigurðsson fór nánar yfir tillögu stjórnar um jöfnuð ferðakostnaðar

Kosningar

Álit kjörnefndar flutti Steinn Halldórsson formaður.

Í kjörnefnd eru:

Steinn Halldórsson, formaður
Jónas Gestur Jónasson
Magnús Guðmundsson

Kosning til stjórnar til tveggja ára:

Eftirtaldir fjórir aðilar gáfu kost á sér í aðalstjórn:

Gísli Gíslason, Akranesi
Ingi Sigurðsson, Vestmannaeyjum
Ragnildur Skúladóttir, Reykjavík
Valgeir Sigurðsson, Garðabæ

Fleiri framboð bárust ekki og voru þau því sjálfkjörin.

Kosning varamanna til stjórnar til eins árs

Eftirtaldir þrír aðilar gáfu kost á sér í varastjórn:

Þóroddur Hjaltalín, Akureyri
Guðjón Bjarni Hálfðánarson, Árborg
Jóhann K. Torfason, Ísafirði

Fleiri framboð bárust ekki og voru þeir því sjálfkjörnir.

Kosning aðalfulltrúa landshluta til tveggja ára

Eftirtaldir fjórir aðilar gáfu kost á sér:

Jakob Skúlason, Vesturlandi
Björn Friðþjófsson, Norðurlandi
Bjarni Ólafur Birkisson, Austurlandi
Tómas Þóroddsson, Suðurlandi

Fleiri framboð bárust ekki og voru þeir því sjálfkjörnir.

Kosning varafulltrúa landshluta til tveggja ára

Eftirtaldir fjórir aðilar gáfu kost á sér:

Ólafur Hlynur Steingrímsson, vesturland
Ómar Bragi Stefánsson, norðurland
Magnús Björn Ásgrímsson, austurland
Trausti Hjaltason, suðurland

Fleiri framboð bárust ekki og voru þeir því sjálfkjörnir.

Kosning fulltrúa á íþróttapeing ÍSÍ

Tillaga kjörnefndar um að vísa skipun fulltrúa á íþróttapeing til stjórnar KSÍ var samþykkt.

Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis

Kjörnefnd gerði tillögu um Birnu Maríu Sigurðardóttur (Deloitte) og var hún sjálfkjörin.

Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörin:

Aðalmenn: Sigurður G. Guðjónsson
Jóhannes Albert Sævarsson

Varamenn: Lúðvík Örn Steinarsson
Eva B. Helgadóttir
Feldís Lilja Óskarsdóttir
Hörður Felix Harðarson
Kolbeinn Árnason
Steinar Þór Guðgeirsson

Kosning í leyfisráð KSÍ

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörin:
Lúðvík Georgsson, formaður
Eggert Steingrímsson
Guðmundur H. Pétursson
Þorgerður Marinósdóttir
Stefán Orri Ólafsson

Kosning í leyfisráð KSÍ

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörin:
Heimir Örn Herbertsson, formaður
Björn Ingi Victorsson
Guðrún Inga Sívertsen
Jón Gunnlaugsson
Ragnar Gíslason

Kosning fulltrúa í kjaranefnd til tveggja ára

Aðalmenn
Jónas Gestur Jónasson, formaður
Margrét Sanders
Ragnar Guðgeirsson

Varamaður
Kristrún Heimisdóttir

Kjörnefnd

Gerð var tillaga um eftirtalda í kjörnefnd og voru þau sjálfkjörin:
Steinn Halldórsson, formaður
Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir
Magnús Guðmundsson

Þingforsetum og þingriturum var falið að ganga frá þinggerð.


Þingslit

Guðmundur H. Pétursson, 1. þingforseti, þakkaði þingheimi góða fundarsetu og góða starfshætti og starfsmönnum fyrir þeirra störf. Hann fól að því loknu Guðna Bergssyni formanni að slíta þinginu. Guðni þakkaði fulltrúum fyrir gott þing og sleit 74. ársþingi Knattspyrnusambands Íslands.

Guðmundur H. Pétursson
1. þingforseti



Ágúst Ingi Jónsson
1. þingritari



Kristrún Heimisdóttir
2. þingforseti



Dagur Sveinn Dagbjartsson
2. þingritari

